

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lesum fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn á
leikskólaaldri



Styrkþegi: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Verkefnisstjóri: Nedelina Ivanova

Nafn skóla: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra í samvinnu við leikskólann Sólborg, Reykjavík.

Nafn verkefnisins: Lesum fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn á leikskólaaldri

Nafn verkefnisstjóra: Nedelina Ivanova

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- 1) að búa til leiðbeiningar sem tengjast lestri fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert leikskólabörn byggðar á forsendum táknmálsins. Leiðbeiningarnar ná til lestrarferlisins: aðstæður, lestraraðferðir og tryggður lesskilningur.
- 2) að veita stuðning fyrir starfsmenn á leikskólum þar sem heyrnarlaus og heyrnarskert börn eru í vistun hvað varðar lestur fyrir þennan tiltekna hóp og læsi hans.
- 3) að gefa heyrnarlausum og heyrnarskertum leikskólabörnum færi á að kynnst bókmenntum og að upplifa menningarheim bókanna.
- 4) að vekja áhuga hjá börnunum að lesa sér til ánægju.



2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Markmiðum var náð með eftirfarandi aðferðum:

- 1) að þýða á íslensku og túlka á íslenskt táknmál greinina „How to read for deaf children? 15 Principles for Reading to Deaf Children“ eftir David R. Schleper. Leyfi var fengið frá útgefanda að þýða reglurnar á íslenskt táknmál og íslensku. Í samráði við útgefanda var ákveðið að taka upp ólíkar lesstundir þar sem lesandinn notar hverja reglu fyrir sig. Á þann hátt fær lesandinn tækifæri til að lesa regluna á íslensku táknmáli og á íslensku en einnig á sama tíma að sjá hvernig reglunni er beitt í raunveruleikanum.
- 2) að þýða á íslensku og túlka á íslenskt táknmál mikilvægustu þætti bókarinnar "Read it again and again" eftir David R. Schleper að fengnu leyfi frá útgefanda. Upplýsingarnar í bókinni byggja á aðferðinni *Lesum saman* (e. *shared reading*) sem hefur verið útfært fyrir táknmál. Aftur fylgja sýnisdæmi, líkt og í lið 1). Einnig var listi búinn til yfir bækur með fyrirsjáanlegum söguþræði eftir flokkum: 1) endurtekning; 2) hrynnjandi og rím; 3) almenn þekking og 4) upplýsingar sem bætast við. Bækurnar er að finna á íslenskum bókasöfnum. Listinn var unninn í samvinnu við Þorbjörgu Karlsdóttur á Borgarbókasafni Reykjavíkur.

- 3) að setja fram upplýsingar um aðferðina *Lestur í gegnum samræður* (e. *dialogical reading*) bæði á íslensku táknmáli og íslensku.
- 4) að setja saman ítarefni, þar sem talað er almennt um:
 - 1) Val á bókum fyrir börn eftir aldri þeirra.
 - 2) Lestraraðstæður þegar lesið er fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn og hvað foreldrarnir geta gert. Myndirnar sem voru teiknaðar sérstaklega fyrir verkefnið fylgja myndböndunum á táknmáli og einnig íslenska textanum.
- 5) að gera afrakstur verkefnisins aðgengilegan á á vef:
http://signwiki.is/index.php/Flokkur:Lestur_fyrir_d%C3%B6ff_b%C3%B6rn
- 6) Með því að finna viðeigandi myndir sem styðja undir betri skilning á lesefninu hverju sinni.

3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávik voru eftirfarandi:

- 1) Verkefnið dróst um sex mánuði vegna ýmissa atvika: stúdíó okkar var lokað í mánuð vegna flutninga, börnin voru veik yfir vetrartímann og tæknivinna við myndböndin reyndist mun meiri en áætlað var.
- 2) Samkvæmt umsókn ætluðum við einnig að talsetja myndbönd á táknmáli. Eftir að prófað var að raddtúlka efnið og talsetja myndböndin var ákveðið að hætta við það þar sem leiðbeiningarnar á táknmáli eru fyrst og fremst ætlaðar heyrnarlausum einstaklingum. Munur er á framsetningu efnis á íslensku táknmáli og íslensku. Efnið varð þannig ankannalegt þegar það var raddað á íslensku. Það var því mun eðlilegra að efnið væri aðgengilegt þeim sem ekki nota íslenskt táknmál á rituðu máli.
- 3) Ósk frá heyrnarlausum starfsmönnum leikskólans Sólborg kom um að bíða svolítið með mat verkefnisins svo að þeir gætu haft tíma til þess að lesa fyrir börnin eftir leiðbeiningunum og á þann hátt að öðlast reynslu af lestrinum, metið verkefnið og komið með athugasemdir.
- 4) Notkunarleiðbeiningar voru ekki búnar til þar sem ósk barst okkur að þjálfar fólk, starfsfólk leikskóla og foreldra, beint í lestri fyrir heyrnarlaus börn. Bein þjálfun vóg mjög þungt þar sem hægt var að ræða um efnið og svara spurningum á sama tíma og þjálfunin fór fram.

4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir tengdust því að ekki var áætlaður nóg tími í undirbúning fyrir upptökur á táknmáli og tæknilega myndbandsvinnslu.

5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Verkefnið reyndi mjög mikið á samvinnu ólíks fólks, túlka, táknmálssérfræðinga, upptökumanns, tæknimanns og starfsfólks leikskólans Sólborgar en ekki síst milli allra er komu að verkefninu og barnanna sem lesið var fyrir. Það hafði í för með sér mjög árangursríka samvinnu og ánægjulegar samverustundir.

Annar ávinningur sem er ekki metinn til fjár er að sjá hversu áhugasöm börnin reyndust vera um bækurnar. Það að lesa á forsendum táknmálsins reyndist grundvallaratriði þess að vekja áhuga þeirra á bókum og þau sóttu enn fremur í að lesið væri fyrir þau, þeim til ánægju. Þau byrjuðu að sýna textanum áhuga en ekki eingöngu myndunum í bókinni. Börnin vildu ekki hætta í lestrarstundinni. Á meðan á vinnslu á upptökum með börnunum stóð kom í ljós að eitt barnanna er tilbúið að læra að lesa þrátt fyrir að vera aðeins 4 ára gamalt.

Ávinningurinn var einnig fólgin í því að skapa tengsl við foreldra barnanna. Þeir foreldrar sem vildu fengu einstaklingsbundna þjálfun í lestri. Foreldrar komu fyrst án barnsins í 4-5 skipti og svo með barninu og lásu fyrir það. Foreldrar fengu frekari leiðbeiningar ef þess var þörf.



Að verkefninu loknu má segja að það sé gríðarleg þörf á frekari leiðbeiningum tengdum lestri fyrir táknmálstalandi börn.

Verkefnisstjóra verkefnisins langar gjarnan að setja aðferðirnar *leiðbeinandi lestur* (e. *guided reading*) og *sjálfstæður lestur* (e. *independent reading*) fram á íslensku táknmáli.

6. Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur náð þeim markmiðum sem sett voru. Mat sjö manna, fjögurra starfsmanna leikskólans Sólborgar og þriggja foreldra var að leiðbeiningarnar væru mjög ítarlegar og auðskiljanlegar. Framsetning efnisins á netinu þótti einnig mjög aðgengileg og vefur verkefnisins notendavænn. Það hefur stuðlað að því að fólk hefur kynnt sér allt efnið sem er afar umfangsmikið. Allir voru *mjög sammála* um að myndirnar hjálpa að ýta undir skilning á

efninu og myndbönd með sýnisdæmum útskýri vel hvað verið sé að tala um. Starfsfólk leikskólans og foreldrar sögðust vera *frekar meðvituð* að nota leiðbeiningarnar þegar lesið sé fyrir börnin á táknmáli. Það að geta rifjað efnið strax upp, t.d. aðgangur mögulegur í gegnum snjallsíma, hvenær sem er og hvar sem er, reyndist vera mikilvægt hvað notkun leiðbeininganna varðar. Starfsmennirnir voru *frekar sammála* fullyrðingunum að börnin sýndu aukinn áhuga á bókum síðan byrjað var að nota leiðbeiningarnar reglubundið og á sama skapi að lesskilningur barnanna hefur aukist. Starfsmennirnir voru einnig sammála um að þeir hafi þurft a.m.k. hálf t.ár til þess að nota leiðbeiningarnar í daglegu starfi og fyrst þá að leggja mat á þær. Þetta átti einnig við foreldrana. Það sem starfsmennirnir gerðu sambærilegt var að þeir lásu fyrir eitt barn í senn a.m.k. einu sinni á dag, þ.e.a.s. þeir sinntu einstaklingsbundnum lestri. Foreldrarnir gerðu það líka.

Starfsmenn leikskólans voru *frekar ánægðir* með þjálfunina frá Shh og hversu vel þjálfarinn var undirbúinn.

Foreldrar og starfsmenn leikskólans sögðust ekki hafa leitt hugann að því hvað tilvísun í heimildir varðar, þannig að enginn svaraði þessari spurningu.

Það sem hefði getað farið betur var að sýnisdæmi hefðu mátt vera lengri.

Við gerð matsblaðsins (sbr. Viðauka A *Mat á verkefni*) var ákveðið að hafa ekki svarmöguleika „hvorki né“ þar sem vænst var þess að þátttakendurnir tækju afstöðu.

Verkefnið mun hafa áhrif á skólastarfið í heild þar sem börnin sjálf verða betur undir búin að fást við ritað mál en ella. Það að lesið hafi verið fyrir barnið á táknmáli frá unga aldri mun leiða til betri orðaforða og þ.a.l. skilnings texta/á námsefninu þegar barnið byrjar í grunnskóla.

7. Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- **Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.**
- **Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?**
- **Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?**

Öllum markmiðum var náð samkvæmt umsókn. Nú er verið að safna reynslu í að lesa fyrir táknmálstalandi börn og fylgja forsendum íslenska táknmálsins. Þannig er stuðlað að læsi barnanna í framtíðinni. Verkefnið heldur ekki áfram í sjálfu sér, heldur óbeint þar sem afraksturinn er nýttur dags daglega í málörvun barnanna.

Það að verkefnið sé aðgengilegt á vefnum og aðgangurinn opinn öllum endurgjaldslaust reynist mjög mikilvægur liður í að verkefnið þótti árangursfullt.

8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið var kynnt fyrir:

- 1) Starfsfólki leikskólans Sólborgar
 - 1.1. Starfsfólk sem hefur táknmál sem móðurmál fékk sérstaka þjálfun á táknmáli í lestri fyrir heyrnarlaus börn.
 - 1.2. Kynning fyrir aðra starfsmenn á starfsdegi leikskólans.
- 2) Heyrnarlausum einstaklingum og foreldrum heyrnarlausra barna í Félagi heyrnarlausra.
- 3) Aðstandendum heyrnarlausra barna sem hafa sótt fjölskyldunámskeið í táknmáli á Shh.
- 4) Starfsmönnum Shh.
- 5) Það stendur til að kynna verkefnið á ráðstefnu Sprotasjóðs í haust.
- 6) Haft var samband við öll leikskólasvið í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins þar sem Shh býr ekki yfir upplýsingum hvar heyrnarskert börn eru í vistun. Einn sérleikskóli er til fyrir heyrnarlaus börn þ.e.a.s. Sólborg. Kynning á verkefninu var boðin. Enginn leikskóli hefur óskað eftir slíkri kynningu.
- 7) Starfsmenn Shh sem eiga börn á leikskólaaldri hafa bent viðkomandi leikskóla á vefsíðu verkefnisins.

9. Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Þetta verkefni hefði aldrei orðið að veruleika án stuðnings frá Sprotasjóði. Það að gefa færi á að uppalendur heyrnarlausra og heyrnarskertra barna geti aflað sér upplýsinga um lestur fyrir börnin er ómetanlegt.

10. Rekstrarreikningur (Vinsamlegast skilið rekstrarreikningi og undirskrift á sér blaði)

Dagsetning: 14. júní 2012

Undirskrift verkefnisstjóra: Nedelina Ivanova

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla/ forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra: Valgerður Stefánsdóttir

Viðauki A

Mat á verkefni

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála
1.	Leiðbeiningarnar eru ítarlegar.				
2.	Ég á auðvelt með að skilja efnið.				
3.	Framsetning efnisins er aðgengileg.				
4.	Vefur verkefnisins er notendavænn.				
5.	Myndirnar hjálpa til að skilja efnið.				
6.	Farið er rétt hvað tilvísun í heimildir varðar.				
7.	Leiðbeiningarnar nýtast í starfi mínu/mér sem foreldri.				
8.	Ég er meðvitaður að nota leiðbeiningarnar þegar ég les fyrir barnið mitt/börnin.				
9.	Ég er orðinn vanur að fara eftir leiðbeiningunum þegar ég les.				
10.	Lesskilningur barnsins míns/barnanna sem ég les fyrir hefur aukist síðan ég byrjaði að nota leiðbeiningarnar.				
11.	Barnið mitt/Börnin sem ég les fyrir sýnir/sýna aukinn áhuga á bókum núna í samanburði við áður þegar engar leiðbeiningar voru til staðar.				
12.	Hversu oft lestu fyrir barnið/börnin?	Einu sinni, tvisvar á viku	Á hverjum degi	Einu sinni á dag	Oftar en einu sinni á dag
13.	Ertu að lesa fyrir hóp barna eða eitt barn?	Eitt barn		Hóp barna	

Merktu aðeins við einn reit í hverjum lið

Þú ert:

- Foreldri heyrandi ____ heyrnarlaus ____
- Starfsmaður leikskólans Sólborgar
- Stjórnandi leikskólans Sólborgar/ leikskólakennari á Sólborg
- Annað, hvað _____

Er eitthvað sérstakt sem þú vilt koma á framfæri?

Annað

1. Er starfsfólk leikskólans Sólborgar búin að fá þjálfun/kynningu?
- a. Heyrnarlausir starfsmenn já ____ nei ____

Ef já:

	Ófullnægjandi	Allt í lagi	Nægileg	Framúrskarandi
Hvernig var þjálfunin að þínu mati?				
Hvernig var undirbúningur þjálfarans?				
Hefðirðu viljað fá eitthvað meira/annað sem þú fékkst ekki?	Nei	Já, hvað		

- b. Hafa aðrir starfsmenn fengið kynningu? Já__ Nei__ Stendur til ____

Kærar þakkir fyrir þátttökuna!
Júlía og Nedelína